



366. fundur Þingvallanefndar

Fundur haldinn í færeyska herberginu í Alþingishúsinu þann 8. janúar 2010. Mættir voru Álfheiður Ingadóttir, Atli Gíslason, Helgi Hjörvar, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Sigurður I. Jóhannsson og Ragnheiður E. Árnadóttir. Björgvin G. Sigurðsson boðaði forföll.

Þetta gerðist:

Ráðning framkvæmdastjóra Þingvallanefndar og þjóðgarðsvarðar.

78 umsóknir bárust um starf þjóðgarðsvarðar. Fjórir ráðgjafar frá Capacent tóku ítarleg viðtöl við 22 umsækjendur, þar af við tvo í síma og eitt viðtal var tekið á Akureyri. Nefndarmenn ræddu við 14 umsækjendur, þar af tvo tvisvar sinnum.

Formaður lagði fram tillögu um að Ólafi Erni Haraldssyni landfræðingi og fv. Alþingismanni yrði boðið að taka við starfinu.

Tillagan var samþykkt samhljóða og formanni falið að ræða við Ólaf Örn.

Fleira ekki gert og fundi slitið.